

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 28. ágúst 2019.

Mál nr. 508/2019:

Valdimar Páll Halldórsson og

Laurie Anne Berg

(*Þórður Heimir Sveinsson lögmaður*)

gegn

Arion banka hf.

(*Eiríkur Elís Þorláksson lögmaður*)

Lykilorð

Kærumál. Nauðungarsala.

Útdráttur

Staðfest var ákvörðun sýslumanns um að frumvarp til úthlutunar söluverðs fasteignar sem seld var nauðungarsölu skyldi standa óbreytt. Í úrskurði Landsréttar kom fram að ágreiningslaust væri að mótmæli sóknaraðila gegn frumvarpinu hefðu ekki borist sýslumanni innan frests samkvæmt 51. gr. laga nr. 90/1991. Kæmust kröfur sóknaraðila um breytingu á frumvarpinu því ekki að í málinu en ekki lægi fyrir samþykki sóknaraðila fyrir því.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Kristbjörg Stephensen, Oddný Mjöll Arnardóttir og Sigurður Tómas Magnússon kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 2. júlí 2019 en kærumálgögn bárust réttinum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 2019 í máli nr. Z-4/2018 þar sem kröfu sóknaraðila um breytingu á frumvarpi sýslumanns til úthlutunar söluandvirðis nánar tilgreindrar fasteignar var hafnað. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
- 2 Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að krafa þeirra um breytingu á frumvarpi sýslumanns verði tekin til greina. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Ágreiningslaust er að mótmæli sóknaraðila gegn frumvarpi til úthlutunar söluandvirðis fasteignarinnar Barmahlíð 23, Reykjavík, fastanúmer 224-1121, bárust sýslumanni ekki innan frests samkvæmt 51. gr. laga nr. 90/1991 og því engin afstaða

tekin til þeirra með ákvörðun sýslumanns 15. maí 2018, sem laut að mótmælum varnaraðila sem borist höfðu innan frestsins. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991 verður ekki í máli eftir XIII. kafla laganna leyst úr ágreiningi um annað en þá ákvörðun sýslumanns sem varð tilefni málsins. Frá þessu má þó víkja ef aðilarnir eru á einu máli um að fá leyst úr öðrum ágreiningi varðandi nauðungarsöluna ef ágreiningurinn varðar ekki aðra en þá og héraðsdómari fellst á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af að fá úrlausn um þann ágreining. Varnaraðili hefur ekki, fyrir sitt leyti, samþykkt að sóknaraðilar geti haft uppi í málinu kröfu um annað en þá ákvörðun sýslumanns sem er tilefni málsins. Þegar af þessari ástæðu komast kröfur sóknaraðila um breytingu á frumvarpinu ekki að í málinu.

- 5 Varnaraðili lýsti því yfir við fyrirtöku sýslumanns 15. maí 2018 að hann hygðist leita úrlausnar héraðsdómara og krefjast breytinga á frumvarpinu í samræmi við framangreind mótmæli sín. Við meðferð málsins fyrir dómi hefur varnaraðili ekki haft uppi kröfu um breytingu eða ómerkingu á ákvörðun sýslumanns heldur einvörðungu krafist þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Verður þessi málatilbúnaður varnaraðila ekki skilinn öðruvísi en svo að hann hafi fallið frá mótmælum sínum sem hafnað var með ákvörðun sýslumanns og krefjist nú staðfestingar hennar.
- 6 Eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt framansögðu er óhjákvæmilegt að staðfest verði ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 15. maí 2018 um að frumvarp hans til úthlutunar 21. ágúst 2017 skuli standa óbreytt. Það athugast að héraðsdómara bar í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 77. gr. laga nr. 90/1991 að kveða í úrskurði sínum á um staðfestingu, breytingu eða ómerkingu ákvörðunarinnar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið tekin afstaða til þess í úrskurðarorði hins kærða úrskurðar fól niðurstaða hans efnislega í sér staðfestingu á ákvörðun sýslumanns. Að þessu gættu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, svo sem greinir í úrskurðarorði.
- 7 Eftir úrslitum málsins verður sóknaraðilum gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 15. maí 2018, um að frumvarp 21. ágúst 2017 til úthlutunar söluverðs fasteignarinnar Barmahlíð 23, Reykjavík, fastanúmer 224-1121 skuli standa óbreytt, er staðfest.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Sóknaraðilar, Valdimar Páll Halldórsson og Laurie Anne Berg, greiði varnaraðila, Arion banka hf., óskipt 200.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 2019

Máli þessu var skotið til dómsins með bréfi móttæknu 20. ágúst 2018. Sóknaraðilar eru Valdimar Páll Halldórsson og Laurie Anne Berg og varnaraðilar, Arion banki hf. Borgartúni 19. Málið var tekið til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 5. júní.

Sóknaraðilar gera breytingar á kröfugerð sinni frá því sem fram kemur í tilkynningu á dskj. nr. 1 og krefjast þess nú að ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, frá 15. maí 2018, þess efnis að frumvarp til úthlutun nauðungarsöluverðs fasteignarinnar að Barmahlíð 23, Reykjavík, með fastanúmerið 224-1121, skuli standa óbreytt verði felld úr gildi og að frumvarpinu verði breytt þannig að upp í veðkröfu Arion banka hf., á 1. veðrétti, verði úthlutað 18.775.732 krónum, sem skiptist til helminga í samræmi við jafna eignarhluta sóknaraðila.

Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðilum verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

II.

Þann 21. nóvember 2016 fór fram framhaldsuppboð á fasteign sóknaraðila að Barmahlíð 23 í Reykjavík. Sama dag var mótekin kröfulýsing varnaraðila Arion banka hf. í söluandvirði fasteignarinnar, samkvæmt veðskuldabréfi nr. 371-74-23609, upphaflega að fjárhæð 14.320.000 krónur, vísitölutryggt með grunnvísitölu 249,7 og 4,15% föstum vöxtum, útgefnu af sóknaraðilum Valdimari P. Halldórssyni og Laurie Anne Berg. Samkvæmt kröfulýsingu er skuldin er í vanskilum frá 1. apríl 2009. Jafnframt var móttekin kröfulýsing varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi nr. 371-74-23610 upphaflega að fjárhæð 3.580.000 krónur, útgefnu af sóknaraðilum, vísitölutryggt með grunnvísitölu 249,7 og 4,15% föstum vöxtum. Samkvæmt kröfulýsingu er skuldin í vanskilum frá 1. desember 2009.

Sóknaraðilar nutu greiðsluskjóls frá 14. desember 2010 samkvæmt lögum nr. 101/2010. Málum beggja sóknaraðila lauk án samnings um greiðsluáðlögun þann 29. september 2016.

Þann 21. nóvember 2017 var fasteignin seld á nauðungarsölu fyrir 31.600.000 króna. Sama dag bárust kröfulýsingar varnaraðila og annarra veðhafa í uppboðsandvirðið.

Þann 21. ágúst 2017 útbjó Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu frumvarp að úthlutunargerð á söluverði fasteignarinnar. Frumvarpið var sent aðilum og gefinn frestur til að koma að andmælum til kl. 12:00 fimmtudaginn 7. september 2017.

Þann 30. ágúst 2017 mótmælti varnaraðili Arion banki hf. fyrirbyggjandi frumvarpi að úthlutun.

Þann 15. maí 2018 var boðað til fundar hjá sýslumanni til að fjalla um framkomin mótmæli varnaraðila. Málið tafðist hjá sýslumanni þar sem beðið var eftir niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 159/2018. Þann 8. mars 2018 féll dómur Hæstaréttar í málinu þar sem niðurstaðan var sú að greiða ætti samningsvexti í greiðsluskjóli. Í framhaldi af því féllu varnaraðilar frá andmælum sínum. Á fundinum mótmæltu sóknaraðilar frumvarpi sýslumannsins og kröfðust þess að úthlutanir til varnaraðila yrðu lækkaðar og lýstu því jafnframt yfir að þeir myndu leita úrlausnar héraðsdóms og krefjast lækkunar á kröfum varnaraðila. Á fundum ákvað sýslumaður að frumvarpið skyldi standa óbreytt.

Þann 12. júlí 2018 sendi lögmaður varnaraðila töluskeyti til sóknaraðila þar sem fram kom að varnaraðili hafi tekið ákvörðun sem samrýmdist hagsmunum sóknaraðila vegna ágreinings um frumvarpið. Með töluskeytinu fylgdu drög að samkomulagi í viðhengi. Í svarskeyti lögmanns varnaraðila þann 17. júlí 2018 var óskað eftir upplýsingum um hvort varnaraðili hefði kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms. Í töluskeyti varnaraðila sama dag var vísað til þess að samkvæmt upplýsingum viðkomandi um málið þá hefði það ekki verið kært.

Þann 20. ágúst 2018 móttók héraðsdómur bréf frá sóknaraðilum þar sem farið var fram á úrlausn ágreinings eftir XIII. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

III.

Helstu málsástæður sóknaraðila

Sóknaraðilar vísa til þess að þeir hafi ekki sent tilkynningu til héraðsdóms tafarlaust, þar sem varnaraðili hafi lýst því yfir á fundinum 15. maí 2018 að hann hygðist gera það. Með því að varnaraðili hætti við þá ákvörðun hafi réttur sóknaraðila ekki fallið niður. Mótmæli þeirra lágu fyrir á fundinum og fyrirsjáanlegt að ágreiningur yrði gerður um kröfu varnaraðila að beiðni varnaraðila sjálfs. Sú ákvörðun var ekki dregin til baka fyrr en 17. júlí 2018, en vegna sumarleyfa sóknaraðila og lögmanns þeirra, lokunar héraðsdóms og þess að gögnin voru ekki tilbúin til afhendingar frá sýslumanni fyrr en 8. ágúst 2018 dróst að tilkynna um málið til 20. ágúst 2018. Sóknaraðilar byggja jafnframt á því að þeim hafi ekki borist frumvarp varnaraðila og séu því ekki bundnir af þeim tímafrestum sem lög áskilja. Vegna alls þessa telji sóknaraðilar að mótmæli þeirra og athugasemdir ættu að komast að.

Sóknaraðilar byggja aðallega á því að kröfur varnaraðila tilgreini rangar fjárhæðir höfuðstóls. Með því að reikna verðbætur sem hluta höfuðstóls er litið fram hjá því að hluti þeirra hafi glatað réttarvernd vegna fyrningar. Sóknaraðilar vísa til þess að ekkert skuli greiðast upp í fyrndar eftirstæðar verðbætur eldri en frá 21. nóvember 2012. Varnaraðili hafi ekki rofið fyrningarfrestinn fyrr en með kröfulýsingu móttækinni af sýslumanni 21. nóvember 2016 sbr. 3. mgr. 49. gr. nsl. Sóknaraðili vísar til almennra reglna um fyrningu þar sem meginreglan er fjögur ár og taki sú meginregla til verðbóta. Kröfulýsingin taki ekki tillit til þess að samkvæmt fyrningarlögum ættu verðbætur sem komið hafa á höfuðstól að fyrnast á 4 árum eins og vextir skv. 3. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Ef dómurinn telur að eldri fyrningarlög nr. 14/1905 gildi um kröfu varnaraðila þá vísa sóknaraðilar til 2. tölulíðar 3. gr. laganna um vexti auk þess sem verðbætur falli einnig þar undir skv. almennum lögskýringarreglum og lögjöfnun, enda voru verðbætur ekki til í lögum við setningu fyrningarlaganna 1905. Þá vísar sóknaraðilar til þess að verðbætur séu ekki hluti af höfuðstól heldur fyrnist sjálfstætt líkt og vextir. Um það megi vísa til 1. mgr. 13. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem heimilar aðeins að „greiðslurnar séu verðtryggðar“.

Sé allt framangreint tekið til greina nemur fjárhæð kröfunnar samtals 18.775.732 krónum sem eigi að úthluta upp í kröfu varnaraðila á 1. veðrétti í stað 19.816.288 króna.

IV.

Helstu málsástæður varnaraðila

Varnaraðili byggir á því að andmæli sóknaraðila geti ekki komist að í málinu, þar sem þau hafi ekki borist fyrr en eftir að tilgreindur frestur sem gefinn var í frumvarpi sýslumanns að úthlutunargerð var liðinn, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 90/1991. Frumvarpið sem er dagsett 21. ágúst 2018, var sent sóknaraðilum með ábyrgðarpósti daginn eftir. Í frumvarpinu var sérstaklega tilgreint að mótmæli við frumvarpið yrðu að berast í síðasta lagi fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn 7. september 2017. Þar sem engar athugasemdir bárust frá sóknaraðilum innan frestsins geta andmæli þeirra ekki komist að og ber því þegar af þessum ástæðum að hafna kröfum sóknaraðila.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að hafna beri kröfum sóknaraðila þar sem gögn málsins voru ekki send héraðsdómi tafarlaust, sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Sóknaraðilar lýstu því yfir við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni 15. maí 2018 að þau hygðust leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun hans. Tilkynning um úrlausn ágreinings var á hinn bóginn ekki móttækin af héraðsdómi fyrr en 17. október 2018, sem telst ekki „tafalaus“ afhending gagna eins og áskilið er í 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Engu breyti þó sóknaraðilar hafi ert ráð fyrir að varnaraðili myndi leita úrlausnar héraðsdóms vegna þeirra mótmæla sem fallið var frá. Ef sóknaraðilar eigi á annað borð sjálfstæðan rétt til þess að leita úrlausnar um ákvörðun sýslumanns, þrátt fyrir að hafa ekki haft uppi andmæli innan tilskilins frests, sé það alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra að leita slíkrar úrlausnar, sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Sumarleyfi sóknaraðila og lögmanns þeirra breyti engu um þetta.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili Arion banki hf., á því að samþykkt krafa hans á 1. veðrétti í frumvarpi sýslumannsins sé rétt hvað varðar alla þá kröfuliði sem þar voru teknir til greina. Varnaraðili vísar til þess að málsástæður og útreikningar sóknaraðila um að veðkrafa varnaraðila á 1 veðrétti hafi glatað réttarvernd varðandi verðbætur vegna fyrningar séu á misskilningi byggðar. Samkvæmt skýru ákvæði

veðskuldabréfsins breytist höfuðstóll skuldarinnar í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölunni 242,7. Höfuðstóll skuldarinnar er því verðtryggður og af slíkum höfuðstól skal reikna afborganir og vexti. Þessi tilhögun verðtryggingar er í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og byggir beinlínis á 4. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 492 frá 21. júní 2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Um skýringu framangreindra ákvæða vísar varnaraðili m.a. til bréfs umboðsmanns Alþingis frá 8. júlí 2013 í máli nr. 6460/2011 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 243/2015.

Varnaraðili vísar jafnframt til 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð, en þar kemur skýrt fram að heimilt sé í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar. Af þessu leiðir að höfuðstóll veðkröfu varnaraðila, eins og hann er uppreiknaður samkvæmt vísitölu, er aðalkrafa hans í skilningi 5. gr. laganna um forgangsrétt veðréttar. Málsástæður sóknaraðila um afmörkun forgangsréttar varðandi veðbætur eru því haldlausar.

Varnaraðili vísar til þess að veðkrafa á 1. veðrétti stofnaðist með skuldabréfi, útgefnu 24. febrúar 2006. Um kröfuna gilda því lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. lagaskilaákvæði 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi, og allar aðrar kröfur sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr. laganna, á tíu árum. Líkt og að framan er rakið þá eru veðbætur hluti af höfuðstól skuldarinnar. Getur sá hluti kröfunnar því ekki fyrnst sjálfstætt með sama hætti og vextir samkvæmt 2. tölul. 3. gr. laganna, þar sem hann kemur ekki til greiðslu „með vissu millibili“ og er „afborgun af skuld“ ef hann er greiddur. Þá eru engin efni til að fella veðbætur undir 2. tölul. 3. gr. með löggjöfnun enda ljóst samkvæmt ákvæði 2. tölul. 4. gr. að allar kröfur, sem ekki eru tilgreindar sérstaklega undir sérreglum 2. og 3. gr. laganna, skuli fyrnast á tíu árum. Þessi tíu ára fyrningarfrestur byrjaði að líða við vanskil skuldarinnar samkvæmt veðskuldabréfinu 1. febrúar 2009, en þá voru eftirstöðvar hennar gjaldfelldar, sbr. 5. gr. framangreindra laga. Var krafan því ófyrnd þegar kröfulýsing beiðni varnaraðila var móttækin hjá sýslumanni 21. ágúst 2018.

Þá byggir varnaraðili á því að ef ekki verði fallist á að veðkrafan sé ófyrnd standi lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga í vegi fyrir því að krafan hafi fyrnst. Bendir varnaraðili á að sóknaraðilar nutu greiðsluskjólts samkvæmt 11. gr. laganna, nánar tiltekið frá 25. október 2010 til 29. september 2016. Á framangreindum tímabilum gat varnaraðili hvorki krafist né tekið við greiðslu á kröfum sínum né fengið hina veðsettu eign seldu nauðungarsölu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Er því í öllu falli ljóst að krafa varnaraðila var ekki fyrnd þegar kröfulýsing varnaraðila var móttækin hjá sýslumanni 21. nóvember 2016. Varnaraðili bendir á í þessu samhengi að ef lögum nr. 101/2010 hafi verið ætlað að takmarka fullnustu krafna á hendur einstaklingum í greiðsluskjóli, án þess rjúfa jafnframt fyrningu þeirra krafna á tímabili greiðsluskjóltsins hefði það þurft að koma skýrlega fram í ákvæðum þeirra laga, samanber áskilnað 72. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Af öllu framangreindu leiðir að hafna ber málsástæðum sóknaraðila um fyrningu veðbóta.

V.

Niðurstaða

Samkvæmt 51. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skal tilgreina sérstaklega í frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á söluandvirði, þann frest sem aðilar hafa til að koma á framfæri athugasemdum við þá úthlutun sem sýslumaður gerir ráð fyrir í frumvarpinu. Sá frestur má ekki vera skemmri en tvær vikur frá því að frumvarpið var sent. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laganna telst frumvarpið endanleg úthlutunargerð söluverðs við loks frestsins ef mótmæli hafa ekki komi fram fyrir þann tíma. Þetta gerist án þess að þörf sé einhverra sérstakra bókana eða formlegra afskipta af hálfu sýslumannsins. Það eitt að tími til að mótmæla sé liðinn leiðir til þess að upphaflegt frumvarp verður lagt til grundvallar við úthlutun söluandvirðis eignarinnar.

Í gögnum málsins liggur fyrir frumvarp Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að úthlutunargerð á söluverði eignarinnar að Barmahlíð 23 sem seld var nauðungarsölu 21. ágúst 2018. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir úthlutun söluandvirðis eignarinnar og skiptingu þess til einstakra kröfuhafa. Þá er sérstaklega

vakin athygli á því að komi ekki fram mótmæli gegn frumvarpinu í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 7. september 2017, megi hlutaðeigendur vænta þess að endanleg úthlutun söluandvirðis verði með þeim hætti sem tilgreint er í frumvarpinu. Frumvarpið er dagsett 21. ágúst 2018. Í frumvarpinu er tekið fram að það sé sent til beggja sóknaraðila. Við aðalmeðferð málsins lögðu sóknaraðilar fram tölvuskeyti þar sem fram kom að þeir hefðu ekki vitjað umræddrar ábyrgðarsendingar frá Sýslumanninum. Þessari málsástæðu var mótmælt af hálfu varnaraðila sem þýðingalausri og of seint fram kominni. Í málinu liggur fyrri að frumvarp Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 21. ágúst 2017 var sent sóknaraðilum á þrjú heimilisföng. Eitt þessara heimilisfanga var skráð lögheimili sóknaraðila Valdimars Páls Halldórsson og annað skráð lögheimili Laurie Anne Berg. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991 skal senda eintak af frumvarpi til úthlutunar til allra aðila að nauðungarsölunni sem vitað er hvar verði náð til með tryggum hætti. Með því að senda eintak af frumvarpinu með ábyrgðarpósti á skráð lögheimili sóknaraðila, verður að líta svo að fullnægt sé skilyrði ákvæðisins um að frumvarpið hafi verið sent til stefnenda með tryggum hætti. Það er síðan á ábyrgð og áhættu sóknaraðila sjálfra að vitja umræddra ábyrgðarbréfa. Við sendingu þeirra hefst sá tveggja vikna lágmarksfrestur sem aðilum er áskilinn til að koma á framfæri mótmælum við frumvarpið.

Mótmæli sóknaraðila að því er varðar kröfur varnaraðila komu fyrst fram þann 11. september 2018 sem er löngu eftir þann frest sem þau höfðu til að koma þeim athugasemdum á framfæri. Engin heimild er til þess í lögum að framlengja þann frest á grundvelli þess að sóknaraðilar vitjuðu ekki umræddra ábyrgðarbréfa. Í frumvarpinu er skýrlega tekið fram að bærust ekki mótmæli fyrir kl. 12:00 þann 7. september 2017 mættu hlutaðeigendur vænta þess að það yrði lagt til grundvallar við endanlega úthlutun. Þar sem óumdeilt er að athugasemdir sóknaraðila bárust eftir lok frests í frumvarpi sýslumannsins, er kröfum sóknaraðila í málinu hafnað. Auk þess verður að telja að þeir rúmlega þrjú mánuðir sem liðu frá því að sóknaraðilar lýstu því yfir að þeir hygðust leita úrlausnar héraðsdóms og þar til krafan var móttækin af héraðsdómi séu ekki í samræmi þann áskilnað sem gerður er í 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 um að málgögn séu afhent héraðsdómi tafarlaust. Þá verður ekki fallist á það að lög standi því í vegi að verðbætur leggist við höfuðstól, enda ákvæði þeirra skuldabréfa sem um ræðir skýr um það að höfuðstóll skuldarinnar sé verðtryggður.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er kröfum sóknaraðila hafnað. Að virtri niðurstöðu málsins þykir rétt að sóknaraðilar greiði sameiginlega (in solidum) varnaraðila Arion banka hf. 200.000 krónur í málskostnað.

Fyrir sóknaraðila flutti málið Þórður H. Sveinsson lögmaður.

Fyrir varnaraðila, Arion banka hf., flutti málið Eiríkur Elís Þorláksson lögmaður.

Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfum sóknaraðila Valdimars Páls Halldórssonar og Laurie Anne Berg er hafnað. Sóknaraðilar greiði varnaraðila, Arion banka hf., óskipt 200.000 krónur í málskostnað.